

Rjúfum einangrunina

> Átt þú við sálræna eða geðræna erfiðleika að stríða?

Þér
standa
dyr
opnar



Athvörf Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæðinu

Rauði kross Íslands rekur eða kemur að rekstri átta athvarfa fyrir fólk með geðraskanir víða um landið. Unnið er samkvæmt grundvallarmarkmiðum Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og aðaláhersla lögð á mannúð og virðingu.

Vin í Reykjavík

Vin er staðsett í hjarta borgarinnar.

Í Vin er lögð áhersla á jákvæða, styðjandi og eflandi samveru sem getur leyst úr læðingi þann hvata sem er innbyggður í hverja manneskju til þess að ná sjálf heilsu og heilbrigði.

Staðurinn er ekki hefðbundinn meðferðarstaður heldur er þar lögð áhersla á að skapa heimilislegt andrúmsloft á jafningjagrundvelli þar sem boðið er upp á ýmis konar afþreyingu og fræðslu.

Dvöl í Kópavogi

Dvöl er í notalegum húsakynnum í fallegu umhverfi í Kópavogi.

Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu í samskiptum gesta og starfsmanna og eru allir velkomnir í heimsókn sem telja sig þurfa á þjónustunni að halda.

Við Dvöl er gróður sæll garður og á sumrin er gott að sitja úti og njóta sólarinnar. Skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenninu sem henta öllum.

Fjölbreytt dagskrá er í boði (fyrir þá sem vilja), t.d. tónleika- og menningarferðir, kyrrðarstund og handverk. Reynt er að taka tillit til þarfa og áhugamála gesta.

Lækur í Hafnarfirði

Lækur er staðsettur í rólegu og fallegu umhverfi við lækinn í Hafnarfirði.

Markmið Lækjar er að bæta lífsgæði fólks sem átt hefur við sálræna eða geðræna erfiðleika að etja með því að draga úr félagslegri einangrun og styrkja þannig andlega og líkamlega heilsu.

Í Læk er lögð áhersla á að skoðanir hvers og eins skipti máli og ákvarðanir eru teknar í sameiningu.

Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá, svo sem listsköpun, hreyfingu og fræðslu sem hver og einn getur tekið þátt í að eigin vali.



Í athvörfunum er aðgangur að tölum með nettengingu, dagblöðum og bað- og þvottaaðstöðu, ásamt því að boðið er upp á heitan mat á kostnaðarverði.

Markmið athvarfanna eru:

- > að rjúfa félagslega einangrun
- > að gestir komi á eigin forsendum
- > að skapa umhverfi þar sem gagnkvæm virðing og traust ríkir
- > að auka lífsgæði þeirra sem stríða við geðraskanir
- > að efla þekkingu á málefnum fólks er stríðir við geðraskanir

Hafið samband til þess að fá nánari upplýsingar:

Vin - athvarf fyrir fólk með geðraskanir.

Hverfisgötu 47, Reykjavík, s. 561 - 2612
vin@redcross.is - www.redcross.is/vin

Dvöl - athvarf fyrir fólk með geðraskanir.

Reynihvammi 43, Kópavogi s. 554 - 1260
dvol@redcross.is - www.redross.is/dvol

Lækur - athvarf fyrir fólk með geðraskanir.

Hörðuvöllum 1, Hafnarfirði s. 566 - 8600
laekur@redcross.is - www.redcross.is/laekur

Samstarfsaðilar: Hafnarfjarðarbær og Kópavogsbær